



Fuglamerkingar 2021

Árið 2021 var 101. ár fuglamerkinga á Íslandi og það 90. í umsjón Íslendinga. Fjörutíu og níu merkingamenn skiluðu skýrslum um merkingu á alls 17.713 fuglum af 73 tegundum (15.158 fullvaxnir og 2555 ungar). Heildartalan er rétt um meðaltal heildarfjölda 5 undangenginna ára (102,4%). Mest var merkt af auðnutittlingum eða 8667 nýmerkingar, sem er metfjöldi í auðnutittlingsmerkingum, og næst mest af skógarþröstum, 2077 fuglar. Búið er að afgreiða 422 endurheimtur íslenskra merkja sem tilkynnt var um á árinu (þar af 287 innanlands, ekki á merkingastað, og 52 erlendis), auk 53 endurheimta erlendra merkja á Íslandi.

Starfslið

Fuglamerkingaráð: Guðmundur A. Guðmundsson (formaður), Kristinn H. Skarphéðinsson, Ólafur K. Nielsen, Svenja N.V. Auhage, Anna Sveinsdóttir, Kjartan Birgisson og Sunna Björk Ragnarsdóttir.

Dagleg umsýsla: Guðmundur A. Guðmundsson og Svenja N.V. Auhage (0,19 og 0,36 ársverk).

Fuglamerkingar

Alls voru 17.713 fuglar af 73 tegundum nýmerktir árið 2021 (samtala 1921-2021 785.354 nýmerkingar; 1. tafla). Voru 15.158 þeirra fullvaxnir og 2555 ófleygir ungar. Ein ný tegund var merkt á árinu, grænsöngvari, og því hafa alls 166 tegundir verið merktar frá upphafi.

Virkir merkingamenn (þ.e. þeir sem merktu einhvern fugl á árinu) voru 49 talsins (2. tafla) sem er aðeins færri en síðustu ár. Nýliðar sem bættust í hóp merkingamanna á árinu voru Matthías S. Alfredsson (439), José O. Valdebenito (nr. 440), Pedro Rodrigues á Rifi (441) og Guðni Sighvatsson (442). Við bjóðum þá velkomna og óskum þeim velfarnaðar við störf í þágu fuglamerkinga.

- Þeir sem merktu meira en 1000 fugla árið 2021 voru: Ingvar A. Sigurðsson (3520 nýmerktir), Sverrir Thorstensen (2597), Fuglaathugunarstöð Suðausturlands (1903), Erpur Snær Hansen (1665), Jón Magnússon (1437) og Gunnar Tómasson (1311; 2. tafla).
- Þær 10 tegundir sem fleiri en 500 einstaklingar voru merktir af árið 2021 voru: 8667 auðnutittlingar, 2077 skógarþrestir, 650 starar, 624 helsingjar, 602 kríur og 602 lundar, 544 stormsvölur, 542 snjótittlingar og 541 sjósvölur (1. tafla).
- Þær tólf tegundir sem mest hefur verið merkt af frá upphafi eru: 86.125 snjótittlingar, 82.285 lundar, 78.039 skógarþrestir, 60.560 kríur, 54.566 auðnutittlingar, 37.683 ritur, 33.454 fýlar, 21.774 æðarfuglar (að meðtöldum 4857 eldisungum), 21.765 skúmar, 20.356 teistur, 18.487 þúfutittlingar og 18.125 langvíur (1. tafla).
- Fyrsti grænsöngvarinn *Phylloscopus sibilatrix* var merktur á Íslandi á árinu (merki 9B1229). Hann kom í slæðunet hjá Birni Hjaltasyni við Kiðafell í Kjós þann 30. september 2021.

Endurheimtur

Árið 2021 bárust um 3420 endurheimtur íslenskra merkja og voru um 3080 endurveiddir á merkingastað. Alls fundust 287 í a.m.k. 1 km fjarlægð frá merkingastað, 52 íslensk merki fundust erlendis og 53 erlend merki fundust hérlendis (samtala 1921-2021, 72.591 skráðir endurfundir merkja). Unnið er að skráningu endurheimta á sama stað og á milli merkingamanna.

Til ársloka 2021 höfðu alls 62.320 íslensk merki endurheimst innanlands og hafa 41.587 þeirra fundist við eða náðst aftur á merkingastað en 20.679 í 1 km fjarlægð eða meira frá merkingastað.

Alls hafa 8.166 íslensk merki endurheimst erlendis og auk þess 4.758 erlend merki endurheimst á Íslandi.

Auk hefðbundinna endurheimta málmmerkja á fuglum sem finnast dauðir, særðir, veikir eða endurveiðast og er sleppt aftur berast okkur árlega álestrar af litmerktum fuglum í hundraða tali frá almenningi og vísindamönnum. Fæstir hafa álestrarnir ratað inn í gagnagrunninn okkar enn sem komið er. Við erum í góðum samskiptum við umsjónarmenn litmerkinga sem eru að vinna með þau gögn sem merkingarnar skapa og uppfæra jafnóðum sérstakar skrár um litmerkingar einstakra tegunda. Margir þeirra senda okkur árlega afrit af gagnagrunnum sínum til varðveislu. Ár frá ári fjölgar líka tegundum og einstaklingum sem merktir eru með staðsetningabúnaði sem sendir ýmist ferðasögu sína um gervihnött eða farsímakerfi eða hlaða niður gögnum um sólargang og dægurlengd í gagnarita sem þarf að endurheimta til að lesa af.

Af þeim 53 fuglum af 17 tegundum með erlend merki sem endurheimtust hérlendis var mest af álft (12) og helsingja (10) Uppruni erlendu merkjanna var eftirfarandi: 44 frá Bretlandseyjum, 3 frá Hollandi, 2 Frakklandi og 1 frá hverju eftirtalinnna landa, Jersey, Noregi, Portúgal og Spáni.

Ferðalangar:

Óvenjufáar langferðir voru meðal endurheimta ársins og má þar helst nefna sílamáf (Reykjavík 340006) sem fannst veikur og var hjúkrað á Tenerife, 4018 km frá merkingastað. Af 30 tilkynntum álestrum á litmerкта íslenska sílamáfa spurðist ekki til neins viðförulli á árinu. Jaðrakan merktur 08.03.2007 á Spáni (Madrid 5075554) sást í Fnjóskadal 3071 km frá merkingastað. Loks var það fyrsta íslenska urtöndin merkt í Portúgal (Lisboa J21153) og endurheimtist á Íslandi. Snæþór Aðalsteinsson fann hana á hreiðri 30.06.2021 við Víkingavatn. Hún var merkt 13.02.2018 í Tagus Estuary Nature Reserve (38,8475°N 08,9719°W), 3069 km frá hreiðri sínu við Víkingavatn. Þetta er fyrsta urtöndin sem vitað er um sem gerir sér ferð á milli þessara landa.

Talsvert var af merktum fuglum sem heimsóttu nýjar slóðir. Má þar nefna grágæs (Reykjavík 142678) sem Arnór Þ. Sigfússon litmerkti og sást í Danmörku þrisvar sinnum 2021 reyndist fyrsta íslenska grágæsin sem verður þar vart. Sami fugl sást á svipuðum slóðum tvisvar sinnum árið 2022.

Maríuerlan (Reykjavík 9132372), merkt í Einarsslundi 22.07.2021 sem nýfleygur ungi var fyrsta íslenska maríuerlan til að endurheimtast í Þýskalandi. Hún var endurveidd á Helgoland í N-Þýskalandi aðeins um 6 vikum eftir merkingu 06.09.2021. Tilkynnt var um fyrstu íslensku maríuerluna til að heimsækja Belgíu. Hún var endurveidd 14.04.2019 í Nieuwpoort í W-Vlaanderen. Sú bar merkið Reykjavík 9123496.

Þriðji íslenski auðnutittlingurinn sem fundist hefur erlendis (9A89363) var merktur 29.07.2021 af Ingvari A. Sigurðssyni í Breiðholtinu. Hann endurveiddist í Titran, S-Þrándalögum í Noregi 18.10.2021 í 1461 km fjarlægð. Annar auðnutittlingur úr garði Ingvars (9A90595) merktur 23.07.2021 fór líka utan og endurveiddist í Finstown á Orkneyjum í Skotlandi 17.04.2022 í 1136 km fjarlægð. Fyrsti auðnutittlingurinn endurheimtur erlendis var 9A65847 sem Sverrir Thorstensen merkti í garði sínum á Akureyri 02.01.2018 og kom í net merkingamanna á Skagen á Jótlandi í Danmörku 14.10.2018 í 1729 km fjarlægð frá heimahögum. Allir voru fuglarnir kvenkyns.

Ný íslensk aldursmet:

Aðeins eitt aldursmet var hefur fundist í merkingagögnum 2021. Það er auðnutittlingur (Reykjavík 9A50785) sem Sverrir Thorstensen merkti í garði sínum á Akureyri 20.02.2015 þá greindur sem karlfugl á 3. ári+. Sú aldursgreining þýðir á þessum tíma árs að fuglinn sé a.m.k. rúmlega eins og hálfárs. Nágranni Sverris, Jón Magnússon, endurheimti fuglinn nærri 6 árum síðar, þann 26. janúar 2021. Þá var auðnutittlingurinn orðinn a.m.k. 7 ára og eins mánaða (13

mánaða+6 ára). Hér ber að geta að þessi flokkun aldurs er samkvæmt Euring staðli þar sem 1. almanaksárið frá því að fuglinn verður fleygur og fullvaxinn er bara hálf ár til áramóta og við þau tímamót þá kemst fuglinn á 2. ár þó raunaldur sé enn rúmlega hálf ár.

Merkingaleiðangrar

Arnór Þ. Sigfússon frá Verkís, í samstarfi við Carl Mitchell frá WWT, fór fyrir merkingaleiðangri í Öreafasveit 5. árið í röð og einnig í Vestur-Skaftafellssýslu ásamt fjölmenni frá Náttúrustofu Austurlands, Náttúrustofu Suðausturlands og Vatnajökulspjóðgarði og litmerkту helsingja í sárum með stálpaða unga. Metfjöldi helsingja var merktur í þessum leiðangri, alls 527 fullorðnir og 97 ungar. Fengu 351 fullorðnir og 35 ungar litmerki. Að auki fengu fjórtán staðsetningabúnað (Ornitelia GPS/GSM). Síðan þetta átak hófst 2017 hafa alls 1532 helsingjar náðst og 1068 þeirra fengið áletrað litmerki á annan fótinn.

Erpur Snær Hanssen forstöðumaður Náttúrustofu Suðurlands í Vestmannaeyjum stýrði sjó- og stormsvölumerkingum í mörgum heimsóknnum aðallega í Elliðaey. Alls voru merkt 532 sjósvölur og 535 stormsvölur.

Úrvinnsla, kynning og birting gagna

Nokkrar beiðnir um tölfraði vegna merkinga og endurheimta eða afhendingu endurheimtugagna til úrvinnslu bárust á árinu. Þær vorðuðu árlegan fjölda merktra stormsvöla frá upphafi, tímasetningu varps lóupræla út frá ungamerkingum, merkinga og endurheimtugögn heiðagæsa á Íslandi, fjöldi hettumáfsmerkinga eftir árum og yfirlit merkinga á flækingsfuglum. Í öllum tilfellum var hægt að láta umbeðnar upplýsingar af hendi.

Greinar sem byggja á íslenskum fuglamerkingum:

Amélineau, F. et al. 2021. Six pelagic seabird species of the North Atlantic engage in a fly-and-forage strategy during their migratory movements. –Marine Ecol. Progr. Series 672: 127-144.

<https://doi.org/10.3354/meps13823>

Barraquand F. and Ó.K. Nielsen 2021. Survival rates of adult and juvenile gyrfalcons in Iceland: estimates and drivers. – PeerJ 9:e12404, [DOI 10.7717/peerj.12404](https://doi.org/10.7717/peerj.12404)

Bonnet-Lebrun, A.-S., T. Larsen, M. Frederiksen, D. Fox, F. le Bouard, A. Boutet, Þ.L. Þórarinnsson, Y. Kolbeinsson, T. Deville and N. Ratcliffe 2021. Effects of competitive pressure and habitat heterogeneity on niche partitioning between Arctic and boreal congeners.

Nature.com/scientificreports 11:22133, <https://doi.org/10.1038/s41598-021-01506-w>

Duckworth, J., S. O'Brien, I. K. Petersen, A. Petersen, G. Benediktsson, L. Johnson, P. Lehikoinen, D. Okill, R. Väisänen, J. Williams, S. Williams, F. Daunt and J. A. Green 2021. Spatial and temporal variation in foraging of breeding Red-throated Divers. – J. Avian Biol.

<https://doi.org/10.1111/jav.02702>

Frederiksen, M., F. Amélineau, B. Merkel, A. Tarroux, S. Descamps, T. Anker-Nilssen, O. Bjørnstad, V. S. Bråthen, O. Chastel, S. Christensen-Dalsgaard, J. Danielsen, F. Daunt, N. Dehnhard, M. Ekker, K.E. Erikstad, A. Ezhov, P. Fauchald, M. Gavrilov, G.T. Hallgrímsson, E. S. Hansen, M. P. Harris, M. Helberg, H.H. Helgason, M.K. Johansen, J.E. Jónsson, Y. Kolbeinsson, Y. Krasnov, M. Langset, S. H. Lorentsen, E. Lorentzen, M.V. Melnikov, B. Mo, M.A. Newell, B. Olsen, T. Reiertsen, G.H. Systad, P. Thompson, T. L. Thórarinnsson, E. Tolmacheva, S. Wanless, K. Wojczulanis-Jakubas, J. Åström and H. Strøm 2021. Spatial variation in vital rates and population growth of Thick-billed Murres in the Atlantic Arctic. – Marine Ecol. Progr. Series 672: 1-13.

<https://doi.org/10.3354/meps13872>

Lahournat, M., F. Jiguet, A. Villers, C. Eraud, P.-Y. Henry 2021. Where do thrushes migrating to France come from? Within-France distribution and temporal changes over 70 years. – European Journal of Wildlife Research 67: 95, <https://doi.org/10.1007/s10344-021-01525-y>

- Petersen, I.K., M. Frederiksen, A., Petersen, H. Robson, Á. Einarsson, R.D. Nielsen, A.L. Harrison, A., Cervenci, A.D. & Fox 2021. Recent increase in annual survival of nesting female Common Scoter *Melanitta nigra* in Iceland. – J. Ornithol. 162: 135-141. [DOI10.1007/s10336-020-01818-0](https://doi.org/10.1007/s10336-020-01818-0)
- Zawadzki, L.C., G.T. Hallgrímsson, R.R. Veit, L.M. Rasmussen, D. Boertmann, N. Gillies, T. Guilford 2021. Predicting Source Populations of Vagrants Using Breeding Population Data: A Case Study of the Lesser Black-Backed Gull (*Larus fuscus*). – Frontiers in Ecology and Evolution vol. 9, <https://doi.org/10.3389/fevo.2021.637452>

Urriðaholti í Garðabæ 20. febrúar 2023.

Guðmundur A. Guðmundsson og Svenja N.V. Auhage

1. tafla. Merktum fuglum 2021 skipt eftir tegundum og aldri (fullvaxnir og ófleygir) ásamt heildarfjölda þeirra frá upphafi merkinga 1921 til og með 2021. Alls voru 73 tegundir merktar 2021. Frá upphafi hafa tegundirnar verið 166. Merkingar 72 sjaldgæfra tegunda sem ekki komu við sögu 2021 eru tífundaðar neðanmáls.***

| EUR | Tegund | Species | 2021 | | | 1921-2021 | | | Fyrst | Síðast |
|------|----------------|----------------------------------|--------|------|------|-----------|-------|-------|-------|--------|
| | | | Fullo. | Ungi | Alls | Fullv. | Ungar | Alls | | |
| 20 | Lómur | <i>Gavia stellata</i> | | | | 325 | 264 | 589 | 1927 | 2020 |
| 40 | Himbrimi | <i>Gavia immer</i> | | | | 14 | 0 | 14 | 1928 | 2020 |
| 110 | Flórgoði | <i>Podiceps auritus</i> | | | | 167 | 380 | 547 | 1927 | 2012 |
| 220 | Fýll | <i>Fulmarus glacialis</i> | 73 | 24 | 97 | 27621 | 5833 | 33454 | 1938 | 2021 |
| 460 | Skrofa | <i>Puffinus puffinus</i> | 16 | 12 | 28 | 332 | 375 | 707 | 1938 | 2021 |
| 520 | Stormsvala | <i>Hydrobates pelagicus</i> | 544 | 0 | 544 | 6662 | 14 | 6676 | 1955 | 2021 |
| 550 | Sjósvala | <i>Oceanodroma leucorhoa</i> | 541 | 0 | 541 | 9461 | 157 | 9618 | 1936 | 2021 |
| 710 | Súla | <i>Morus bassanus</i> | | | | 1431 | 6316 | 7747 | 1937 | 2017 |
| 720 | Dílaskarfur | <i>Phalacrocorax carbo</i> | | | | 4 | 3425 | 3429 | 1926 | 2018 |
| 800 | Toppskarfur | <i>Phalacrocorax aristotelis</i> | 30 | 0 | 30 | 2319 | 5166 | 7485 | 1955 | 2021 |
| 1540 | Álft | <i>Cygnus cygnus</i> | 36 | 4 | 40 | 4439 | 3657 | 8096 | 1934 | 2021 |
| 1580 | Heiðgæs | <i>Anser brachyrhynchus</i> | 2 | 1 | 3 | 5634 | 8216 | 13850 | 1929 | 2021 |
| 1590 | Blesgæs | <i>Anser albifrons</i> | | | | 465 | 0 | 465 | 1987 | 2017 |
| 1610 | Grágæs | <i>Anser anser</i> | 36 | 12 | 48 | 1128 | 2227 | 3355 | 1929 | 2021 |
| 1670 | Helsingi | <i>Branta leucopsis</i> | 527 | 97 | 624 | 1106 | 479 | 1585 | 1953 | 2021 |
| 1680 | Margæs | <i>Branta bernicla</i> | | | | 1858 | 0 | 1858 | 1992 | 2018 |
| 1730 | Brandönd | <i>Tadorna tadorna</i> | | | | 1 | 9 | 10 | 2016 | 2019 |
| 1790 | Rauðhöfðaönd | <i>Anas penelope</i> | 12 | 0 | 12 | 357 | 1937 | 2294 | 1926 | 2021 |
| 1820 | Gargönd | <i>Anas strepera</i> | | | | 64 | 173 | 237 | 1927 | 2015 |
| 1840 | Urtönd | <i>Anas crecca</i> | 3 | 0 | 3 | 223 | 961 | 1184 | 1925 | 2021 |
| 1860 | Stokkönd | <i>Anas platyrhynchos</i> | 5 | 1 | 6 | 424 | 2188 | 2612 | 1926 | 2021 |
| 1890 | Grafönd | <i>Anas acuta</i> | 1 | 0 | 1 | 72 | 246 | 318 | 1926 | 2021 |
| 2030 | Skúfönd | <i>Aythya fuligula</i> | 20 | 0 | 20 | 367 | 994 | 1361 | 1927 | 2021 |
| 2040 | Duggönd | <i>Aythya marila</i> | 1 | 0 | 1 | 564 | 1452 | 2016 | 1925 | 2021 |
| 2060 | Æður* | <i>Somateria mollissima</i> | 182 | 17 | 199 | 11929 | 9845 | 21774 | 1927 | 2021 |
| 2110 | Straumönd | <i>Histrionicus histrionicus</i> | | | | 130 | 152 | 282 | 1927 | 2008 |
| 2120 | Hávella | <i>Clangula hyemalis</i> | 2 | 0 | 2 | 590 | 862 | 1452 | 1925 | 2021 |
| 2130 | Hrafnsönd | <i>Melanitta nigra</i> | 2 | 0 | 2 | 636 | 437 | 1073 | 1925 | 2021 |
| 2170 | Húsönd | <i>Bucephala islandica</i> | | | | 612 | 364 | 976 | 1925 | 2015 |
| 2210 | Toppönd | <i>Mergus serrator</i> | 1 | 0 | 1 | 276 | 123 | 399 | 1927 | 2021 |
| 2230 | Gulönd | <i>Mergus merganser</i> | | | | 9 | 8 | 17 | 1930 | 1982 |
| 2430 | Haförn | <i>Haliaeetus albicilla</i> | 0 | 60 | 60 | 12 | 894 | 906 | 1939 | 2021 |
| 3090 | Smyrill | <i>Falco columbarius</i> | 3 | 12 | 15 | 335 | 1060 | 1395 | 1928 | 2021 |
| 3180 | Fálki** | <i>Falco rusticolus</i> | 1 | 31 | 32 | 121 | 1877 | 1994 | 1929 | 2021 |
| 3300 | Rjúpa | <i>Lagopus muta</i> | 5 | 0 | 5 | 5095 | 4187 | 9282 | 1927 | 2021 |
| 4500 | Tjaldur | <i>Haematopus ostralegus</i> | 65 | 182 | 247 | 2090 | 9908 | 11998 | 1928 | 2021 |
| 4700 | Sandlóa | <i>Charadrius hiaticula</i> | 25 | 83 | 108 | 1976 | 8113 | 10089 | 1927 | 2021 |
| 4850 | Heiðlóa | <i>Pluvialis apricaria</i> | 8 | 37 | 45 | 1432 | 8495 | 9927 | 1925 | 2021 |
| 4960 | Rauðbrystingur | <i>Calidris canutus</i> | | | | 7117 | 0 | 7117 | 1938 | 2019 |
| 4970 | Sanderla | <i>Calidris alba</i> | | | | 3075 | 0 | 3075 | 1938 | 2017 |
| 5100 | Sendlingur | <i>Calidris maritima</i> | | | | 3122 | 1227 | 4349 | 1929 | 2020 |
| 5120 | Lóupræll | <i>Calidris alpina</i> | 9 | 5 | 14 | 4315 | 2172 | 6487 | 1927 | 2021 |
| 5190 | Hrossagaukur | <i>Gallinago gallinago</i> | 32 | 64 | 96 | 1339 | 6526 | 7865 | 1925 | 2021 |
| 5290 | Skógarsnípa | <i>Scolopax rusticola</i> | 1 | 0 | 1 | 6 | 0 | 6 | 1986 | 2021 |
| 5320 | Jaðrakan | <i>Limosa limosa</i> | 13 | 32 | 45 | 1020 | 2171 | 3191 | 1938 | 2021 |
| 5380 | Spói | <i>Numenius phaeopus</i> | 41 | 131 | 172 | 564 | 6828 | 7392 | 1925 | 2021 |
| 5460 | Stelkur | <i>Tringa totanus</i> | 54 | 143 | 197 | 1258 | 7353 | 8611 | 1926 | 2021 |
| 5610 | Tildra | <i>Arenaria interpres</i> | | | | 4144 | 0 | 4144 | 1936 | 2019 |

| | | | | | | | | | | |
|-------|--|--------------------------|--------------|-------------|--------------|---------------|---------------|---------------|------|------|
| 5640 | Óðinshani | Phalaropus lobatus | 24 | 15 | 39 | 1415 | 3082 | 4497 | 1923 | 2021 |
| 5650 | Þórshani | Phalaropus fulicarius | | | | 50 | 64 | 114 | 1951 | 2020 |
| 5670 | Kjói | Stercorarius parasiticus | | | | 114 | 766 | 880 | 1928 | 2020 |
| 5690 | Skúmur | Catharacta skua | 0 | 101 | 101 | 168 | 21597 | 21765 | 1927 | 2021 |
| 5820 | Hettumáfur | Larus ridibundus | 10 | 90 | 100 | 389 | 13400 | 13789 | 1930 | 2021 |
| 5900 | Stormmáfur | Larus canus | 4 | 7 | 11 | 50 | 2602 | 2652 | 1961 | 2021 |
| 5910 | Sílamáfur | Larus fuscus | 0 | 55 | 55 | 2977 | 3708 | 6685 | 1954 | 2021 |
| 5920 | Silfurmafur | Larus argentatus | | | | 1041 | 2668 | 3709 | 1937 | 2019 |
| 5980 | Bjartmáfur | Larus glaucoides | | | | 81 | 0 | 81 | 1975 | 2017 |
| 5990 | Hvítmáfur | Larus hyperboreus | 7 | 5 | 12 | 586 | 2602 | 3188 | 1940 | 2021 |
| 6000 | Svartbakur | Larus marinus | 1 | 13 | 14 | 439 | 3353 | 3792 | 1928 | 2021 |
| 6020 | Rita | Rissa tridactyla | 6 | 0 | 6 | 3529 | 34154 | 37683 | 1926 | 2021 |
| 6160 | Kría | Sterna paradisaea | 83 | 519 | 602 | 5514 | 55046 | 60560 | 1923 | 2021 |
| 6340 | Langvía | Uria aalge | 23 | 0 | 23 | 12177 | 5948 | 18125 | 1926 | 2021 |
| 6350 | Stuttnefja | Uria lomvia | 6 | 0 | 6 | 1814 | 94 | 1908 | 1952 | 2021 |
| 6360 | Álka | Alca torda | | | | 2893 | 2879 | 5772 | 1928 | 2019 |
| 6380 | Teista | Cephus grylle | 2 | 29 | 31 | 2392 | 17964 | 20356 | 1928 | 2021 |
| 6540 | Lundi | Fratercula arctica | 95 | 507 | 602 | 34832 | 47453 | 82285 | 1923 | 2021 |
| 6650 | Bjargdúfa | Columba livia | 1 | 0 | 1 | 16 | 2 | 18 | 2002 | 2021 |
| 6700 | Hringdúfa | Columba palumbus | 1 | 0 | 1 | 4 | 2 | 6 | 1973 | 2021 |
| 7670 | Eyrugla | Asio otus | 0 | 43 | 43 | 6 | 79 | 85 | 1992 | 2021 |
| 7680 | Brandugla | Asio flammeus | 5 | 0 | 5 | 56 | 110 | 166 | 1932 | 2021 |
| 10110 | Þúfuttlingur | Anthus pratensis | 262 | 26 | 288 | 10134 | 8353 | 18487 | 1925 | 2021 |
| 10200 | Maríuerla | Motacilla alba | 176 | 32 | 208 | 2671 | 6728 | 9399 | 1925 | 2021 |
| 10660 | Músarrindill | Troglodytes troglodytes | 29 | 1 | 30 | 1059 | 169 | 1228 | 1928 | 2021 |
| 10990 | Glóbrystingur | Erithacus rubecula | 1 | 0 | 1 | 58 | 0 | 58 | 1982 | 2021 |
| 11460 | Steindepill | Oenanthe oenanthe | 7 | 0 | 7 | 1510 | 3367 | 4877 | 1925 | 2021 |
| 11870 | Svartþröstur | Turdus merula | 219 | 6 | 225 | 1469 | 229 | 1698 | 1934 | 2021 |
| 11980 | Gráþröstur | Turdus pilaris | 10 | 0 | 10 | 147 | 11 | 158 | 1935 | 2021 |
| 12000 | Söngþröstur | Turdus philomelos | 1 | 0 | 1 | 43 | 0 | 43 | 1982 | 2021 |
| 12010 | Skógarþröstur | Turdus iliacus | 1991 | 86 | 2077 | 54324 | 23715 | 78039 | 1925 | 2021 |
| 12760 | Garðsöngvari | Sylvia borin | 2 | 0 | 2 | 27 | 0 | 27 | 1984 | 2021 |
| 12770 | Hettusöngvari | Sylvia atricapilla | 6 | 0 | 6 | 283 | 0 | 283 | 1984 | 2021 |
| 13000 | Hnoðrasöngvari | Phylloscopus inornatus | 2 | 0 | 2 | 30 | 0 | 30 | 1984 | 2021 |
| 13080 | Grænsöngvari | Phylloscopus sibilatrix | 1 | 0 | 1 | 1 | 0 | 1 | 2021 | 2021 |
| 13110 | Gransöngvari | Phylloscopus collybita | 2 | 0 | 2 | 146 | 0 | 146 | 1997 | 2021 |
| 13120 | Laufsöngvari | Phylloscopus trochilus | 3 | 0 | 3 | 67 | 0 | 67 | 1984 | 2021 |
| 13140 | Glókollur | Regulus regulus | 22 | 0 | 22 | 366 | 6 | 372 | 2002 | 2021 |
| 15720 | Hrafn | Corvus corax | 0 | 14 | 14 | 156 | 1605 | 1761 | 1928 | 2021 |
| 15820 | Stari | Sturnus vulgaris | 605 | 45 | 650 | 4440 | 1356 | 5796 | 1939 | 2021 |
| 16380 | Fjallafinka | Fringilla montifringilla | 10 | 0 | 10 | 85 | 34 | 119 | 1953 | 2021 |
| 16540 | Barrfinka | Carduelis spinus | 29 | 0 | 29 | 127 | 6 | 133 | 1984 | 2021 |
| 16630 | Auðnutittlingur | Carduelis flammea | 8667 | 0 | 8667 | 52190 | 2376 | 54566 | 1929 | 2021 |
| 16640 | Hrímtittlingur | Carduelis hornemanni | 1 | 0 | 1 | 18 | 0 | 18 | 1983 | 2021 |
| 16660 | Krossnefur | Loxia curvirostra | 23 | 0 | 23 | 147 | 0 | 147 | 1929 | 2021 |
| 18500 | Snjótittlingur | Plectrophenax nivalis | 540 | 2 | 542 | 83876 | 2249 | 86125 | 1927 | 2021 |
| | Aðrar sjaldgæfar tegundir neðanmáls*** | | | | | 314 | 38 | 352 | | |
| | | | 15168 | 2544 | 17712 | 400472 | 384886 | 785354 | | |

* Eldisungar æðarfugls frá 1979 4 fv og 4853 Alls 4857

** þaraf 4 fv Grænlandsfálkar

*** 72 tegundir sjaldgæfra fugla. Fullvaxnir fuglar nema annað sé tekið fram: Gráhegri *Ardea cinerea* (8), Hnúðsvanur *Cygnus olor* (1), Dvergsvanur *Cygnus columbianus* (1), Kanadagæs *Branta canadensis* (1), Brandönd *Tadorna tadorna* (1fv + 9u), Brúðönd *Aix sponsa* (1), Ljóshöfðaönd *Anas americana* (1), Skeiðönd *Anas clypeata* (2fv + 7u), Skutulönd *Aythya ferina* (1u), Gráheiðir *Circus pygargus* (1), Fjallvákur *Buteo lagopus* (1), Turnfálki *Falco tinnunculus* (9), Gunnfálki *Falco subbuteo* (1), Förufálki *Falco peregrinus* (7), Keldusvín *Rallus aquaticus* (10fv + 11u), Sefhæna *Gallinula chloropus* (1), Bleshæna *Fulica atra* (4), Vepja *Vanellus vanellus* (2fv + 5u), Dvergsnípa *Lymnocyptes minimus* (2), Lappajaðrakan *Limosa lapponica* (1), Fjöruspói *Numenius arquata* (1fv + 3u), Fjallkjói *Stercorarius longicaudus* (3u), Ísmáfur *Pagophila eburnea* (2), Kolþerna *Chlidonias niger* (1u), Haftyrðill *Alle alle* (55fv + 2u), Turtildúfa *Streptopelia turtur* (2), Snæugla *Nyctea scandiaca* (3), Múrsvölungur *Apus apus* (5), Elrigreipur *Empidonax alnorum* (1), Landsvala *Hirundo rustica* (12fv + 4u), Bæjasvala *Delichon urbica* (2), Skógtittlingur *Anthus hodgsoni* (1), Trjátittlingur *Anthus trivialis* (1), Gulerla *Motacilla flava* (1), Silkitoppa *Bombycilla garrulus* (24), Runnatítla *Prunella modularis* (1), Næturgali *Luscinia megarhynchos* (1), Blábrystingur *Luscinia svecica* (1), Bláskotta *Tarsiger cyanurus* (1), Garðaskotta *Phoenicurus phoenicurus* (3), Vallskvetta *Saxicola rubetra* (2), Moldþröstur *Hylocichla ustulata* (2), Dulþröstur *Catharus guttatus* (1), Mistilþröstur *Turdus viscivorus* (4), Straumsöngvari *Locustella fluviatilis* (1), Síkjásöngvari *Acrocephalus schoenobaenus* (4), Dvalsöngvari *Acrocephalus agricola* (1), Elrisöngvari *Acrocephalus dumetorum* (3), Seljusöngvari *Acrocephalus palustris* (8), Sefsöngvari *Acrocephalus scirpaceus* (8), Hauksöngvari *Sylvia nisoris* (16), Netlusöngvari *Sylvia curruca* (19), Grágrípur *Muscicapa striata* (6), Peðgrípur *Ficedula parva* (1), Flekkugrípur *Ficedula hypoleuca* (5), Laufglói *Oriolus oriolus* (1), Dvergkráka *Corvus monedula* (8), Kráka *Corvus corone* (1), Gráspör *Passer domesticus* (1), Græningi *Vireo olivaceus* (4), Bókfinka *Fringilla coelebs* (17fv + 1u), Grænfinka *Carduelis chloris* (2), Þistilfinka *Carduelis carduelis* (2), Hrímtittlingur *Carduelis hornemanni* (18), Víxlnefur *Loxia leucoptera* (1), Pánefur *Loxia pytyopsittacus* (1), Rósafinka *Carpodacus erythrinus* (9), Kjarnbitur *Coccothraustes coccothraustes* (1), Gulskríkja *Dendroica petechia* (1), Hörputittlingur *Zonotrichia albicollis* (1), Sportittlingur *Calcarius lapponicus* (6), Hrístittlingur *Emberiza rustica* (1), Tígultáti *Pheucticus ludovicianus* (1).

2. tafla. Virkir merkingamenn 2021 voru 49.

| Nr. | Nafn | Fullv. | Ungar | Alls |
|-----|-----------------------------|--------|-------|-------|
| 353 | Aðalsteinn Snæþórsson | 49 | 0 | 49 |
| 273 | Arnór Þórir Sigfússon | 547 | 97 | 644 |
| 261 | Björn Hjaltason | 710 | 0 | 710 |
| 380 | Böðvar Þórisson | 80 | 35 | 115 |
| 401 | Ellen Magnúsdóttir | 0 | 54 | 54 |
| 262 | Erpur Snær Hansen | 1144 | 521 | 1665 |
| 222 | Finnur Logi Jóhannsson | 72 | 41 | 113 |
| 388 | Freydís Vigfúsdóttir | 36 | 0 | 36 |
| 385 | Fuglaathugunarstöð SA-lands | 1420 | 483 | 1903 |
| 347 | Grétar Jónsson | 0 | 101 | 101 |
| 289 | Guðm. A. Guðmundsson | 1 | 42 | 43 |
| 433 | Guðmundur Falk | 19 | 0 | 19 |
| 434 | Guðmundur Fylkisson | 3 | 3 | 6 |
| 442 | Guðni Sighvatsson | 799 | 0 | 799 |
| 368 | Gunnar Þór Hallgrímsson | 36 | 43 | 79 |
| 316 | Gunnar Tómasson | 1311 | 0 | 1311 |
| 237 | Gunnlaugur Pétursson | 3 | 0 | 3 |
| 291 | Halldór Walter Stefánsson | 0 | 1 | 1 |
| 332 | Hallgrímur Gunnarsson | 0 | 14 | 14 |
| 369 | Hálf dán H. Helgason | 14 | 22 | 36 |
| 429 | Höskuldur Þráinsson | 48 | 0 | 48 |
| 247 | Ib K. Petersen | 42 | 0 | 42 |
| 405 | Ingvar A. Sigurðsson | 3509 | 11 | 3520 |
| 437 | Ísak Ólafsson | 4 | 5 | 9 |
| 440 | José O. Valdebenito | 22 | 20 | 42 |
| 223 | Jóhann Óli Hilmarsson | 0 | 60 | 60 |
| 403 | Jón Einar Jónsson | 43 | 22 | 65 |
| 309 | Jón Magnússon | 1409 | 27 | 1436 |
| 240 | Kristinn H. Skarphéðinsson | 0 | 43 | 43 |
| 270 | Kristlaug Pálsdóttir | 10 | 5 | 15 |
| 439 | Matthías Svavar Alfreðsson | 18 | 0 | 18 |
| 436 | Óðinn Logi Þórisson | 0 | 18 | 18 |
| 216 | Ólafur K. Nielsen | 1 | 31 | 32 |
| 322 | Ólafur Torfason | 0 | 23 | 23 |
| 284 | Páll Leifsson | 77 | 41 | 118 |
| 441 | Pedro Rodrigues (Rífi) | 1 | 0 | 1 |
| 406 | Róbert A. Stefánsson | 0 | 3 | 3 |
| 250 | Sigurður Ægisson | 74 | 0 | 74 |
| 344 | Smári Lúðvíksson | 35 | 0 | 35 |
| 402 | Svenja Auhage | 1 | 21 | 22 |
| 248 | Sverrir Thorstensen | 2462 | 135 | 2597 |
| 413 | Sölvi Rúnar Vignisson | 55 | 110 | 165 |
| 365 | Tómas Grétar Gunnarsson | 389 | 219 | 608 |
| 357 | Yann Kolbeinsson | 110 | 8 | 118 |
| 381 | Þorlákur S. Helgason | 189 | 75 | 264 |
| 333 | Þorlákur Sigurbjörnsson | 256 | 134 | 390 |
| 228 | Þorvaldur Björnsson | 1 | 0 | 1 |
| 364 | Þórir Snorrason | 0 | 17 | 17 |
| 191 | Ævar Petersen | 158 | 70 | 228 |
| | | 15158 | 2555 | 17713 |